



## Reglur um snjómokstur fyrir öryrkja og ellilífeyrisþega

### 1.gr. Markmið

Markmið með aðstoð við snjómokstur er að styðja þjónustuþega til sjálfshjálpar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsi.

### 2. gr. Réttur

Rétt til snjómoksturs eiga ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegar með lögheimili í Fjarðabyggð sem ekki geta hjálparlaust hreinsað snjó frá heimili sínu vegna skertrar getu. Þjónustan er eingöngu veitt þar sem allir heimilismenn eru ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegar. Ekki er veitt þjónusta sem aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri geta annast.

### 3. gr. Stjórn og yfirumsjón

Verkefnastjóri búsetuþjónustu ber ábyrgð á meðferð umsókna um snjómokstur. Sviðsstjóri framkvæmdasviðs hefur yfirumsjón með framkvæmd snjómoksturs. Bæjarverkstjóri sér um skipulagningu og framkvæmd þjónustunnar.

### 4. gr. Gjaldskrá

Þjónustuþegi greiðir fyrir þjónustu samkvæmt gjaldskrá sem sett er af bæjarstjórn að fengnum tillögum frá eigna- skipulags- og umhverfisnefnd og félagsmálanefnd. Tekjulágum ellilífeyrisþegum, 67 ára og eldri sem og örorkulífeyrisþegum með fulla örorku (75%) sem eiga lögheimili í Fjarðabyggð er veittur afsláttur af gjaldi fyrir snjómokstur. Niðurfelling gjaldsins skal vera tekjutengd og miðað við ártekjur síðastliðins árs. Greiðslur miðast við tekjur og handbært fé notenda. Afsláttur er hlutfallslegur og tekið er tillit til allra skattskyldra tekna, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekna síðastliðins árs skv. Skattframtali. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

### 5. gr. Þjónustulýsing

Innkeyrsla og aðgangur að heimili og aðgengi að sorpi er mokaður eftir að forgangs-snjómokstri er lokið eða samkvæmt ákvörðun bæjarverkstjóra. Einungis er mokað þegar um er að ræða einbýlishús, parhús eða raðhús.

### 6. gr. Umsókn

Sótt er um snjómokstur á íbúagátt á vefsíðu Fjarðabyggðar: [www.fjardabyggd.is](http://www.fjardabyggd.is) eða með því að hafa samband við skiptiborð Fjarðabyggðar. Opið er fyrir umsóknir allt árið. Samþykkt umsókn gildir til 1. júní hvers árs. Nánari upplýsingar og aðstoð vegna umsókna eru veittar á skrifstofu Fjarðabyggðar.

Fjarðabyggð, 29. nóvember 2019

Hafnarfjörður  
Bæjarritari